



Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra

Kt. 470199-2029 · Akureyrardeild · Furuvellir 1 · 600 Akureyri · Sími: 462 4431 · Fax: 461 2396 · Netfang: hne@hne.is
Húsavíkurdeild · Hafnarstétt 3 · 640 Húsavík · Símar: 464 2690 og 898 8340 · Netfang: oggi@hne.is

Alþingi

Erindi nr. P 140/170

komudagur

15.11.2011

Akureyri 14.11.2011

Alþingi
b.t. atvinnuveganefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn um frumvörp til laga um breytingar á matvælalögum (61. og 138. mál)

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra telur mikilvægt að undanþágur frá matvælalögum vegna framleiðslu matvæla í heimahúsum í góðgerðarskyni nái eingöngu til síður viðkvæmra matvæla og ekki til viðkvæmra matvæla; þannig að ekki verði dregið úr öryggi matvæla gagnvart neytendum og þannig að trausti á milli framleiðanda og neytanda verði ekki stefnt í hættu.

Hugtökin viðkvæm og síður viðkvæm matvæli þarf að skilgreina í lögum (t.d. þannig að miðað verði við vatnsvirkni (a_w) og sýrustig (pH) og undanþágur frá matvælalögum og regluverki verða að byggja á áhættugreiningu m.t.t. heilsu og öryggis neytenda. Einnig er mikilvægt að kveðið verði á um ábyrgð framleiðanda og ábyrgðartryggingar.

Þá er mikilvægt að starfsemi sem er undanskilin frá gildissviði matvælalaga verði engu að síður tilkynningaskyld þannig að eftirlitsaðilar geti komið á framfæri fræðslu og leiðbeiningu og jafnframt verði gerð krafa um merkingar matvæla úr heimahúsum þannig að ef eitthvað fer úrskeiðis; þá verði hægt að rekja vöru til upphafsins og koma í veg fyrir frekara tjón; þ.e. að rekjanleiki verði tryggður.

Þau frumvörp til breytinga á lögum um matvæli sem hér eru til umfjöllunar er báðum ábótavant m.t.t. fyrrnefndra ábendinga og einnig vakna verulegar efasemdir um að þau myndu í reynd leiða til einfaldari og skilvirkari stjórnsýslu á sviði matvælaframleiðslu og eftirlits með matvælaframleiðslu.

Virðingarfyllt

Alfreð Schiöth

framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra